



Ritrýnd grein birt 31. desember 2011

Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir

Á mörkum skólastiga Áherslur í starfi með elstu börnum leikskóla

Í nýjum lögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla eru fyrirmæli um samfellu og samstarf á milli skólastiga með það að markmiði að auðvelda börnunum flutning á næsta skólastig. Starfið með elstu börnum leikskólans hefur verið í mikilli þróun síðustu árin. Þetta eru viðfangsefni rannsóknarinnar sem hér er greint frá en markmið hennar var að fá sem skýrasta sýn á starf með elstu börnum leikskóla, hvaða áherslur eru lagðar og að hvaða markmiði er stefnt. Spurningalisti var lagður fyrir 110 leikskólastjóra, jafnt í stærri sveitarfélögum sem minni. Svör fengust frá 65 leikskólastjórum eða 60% þeirra. Helstu niðurstöður eru þær að sömu áherslur eru í starfi með elstu börnunum og þeim yngri en kröfur auknar í samræmi við þroska og getu. Leikskólastjórar leggja mikla áherslu á dygðir og mannkosti. Þeim þótti félagsfærni barnanna mikilvæg sem og sterk sjálfsmýnd og sjálfstraust.

Höfundar eru lektorar við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Where school levels meet: Emphasis in work with the oldest Preschool Children

According to new laws and the National Curriculum for preschool and compulsory school education, continuity and cooperation between the school stages has to be ensured, with the aim of making it easier for children to progress from one school stage to the next. Educational activities for the oldest preschool children have been in continuous development over recent years. This study attempts to clarify how preschools work with their oldest children, what their emphasis are and to what aims. 110 preschool head teachers, from larger and smaller municipalities, were asked to complete a questionnaire. The response rate was 60%. The head teachers were asked about educational activities carried out with five year old children, and also about their own opinions regarding, amongst other things, school readiness. The main conclusion is that a great emphasis is placed on virtues and qualities. Social skills are considered important as well as a strong sense of personal identity and self-confidence.

The authors are assistant professors at the School of Humanities and Social Sciences, University of Akureyri.

Á mörkum skólastiga

Á Íslandi eru starfræktir 284 leikskólar og í þeim eru 17.446 börn samkvæmt upplýsingum mennta- og menningamálaráðuneytisins (2011c). Á vef Hagstofu Íslands (2011a) má sjá að um síðustu áramót voru börn á síðasta ári í leikskóla 4.071 talsins en það eru 94%

barna í árganginum. Viðvera barna í leikskólum hefur lengst verulega síðasta áratuginn. Árið 1998 dvöldu flest fimm ára börn í leikskóla í fjórar klukkustundir á dag en árið 2010 voru þau flest í skólanum í átta eða níu klukkustundir. Það er einnig orðið fátítt að fimm ára börn séu í fjórar eða fimm stundir í skólanum og árið 2010 voru þetta innan við 150 börn á landinu öllu (Hagstofa Íslands, 2011b). Langflest börn sem byrja í grunnskóla eru því að koma úr leikskóla og í leikskólanum hafa þau flest dvalið allan daginn.

Þegar elsti árgangur leikskólans flyst á næsta skólastig eru tekin inn ný börn. Sérstaða leikskólans hvað þetta snertir er sú að foreldrar ákveða hvenær börn þeirra hætta. Þetta þýðir að í maí og alveg fram að grunnskólabyrjun er að kvarnast úr hópi elstu barnanna. Skólaár leikskóla hefur því hvorki formlegan endi né ákveðna byrjun. Annað sem er ólíkt með starfsemi grunnskólans og leikskólans er að í leikskóla er ekki skólaskylda og foreldrar greiða fyrir vistun barna sinna. Það hefur þau áhrif að það er rekstrarlega mikilvægt að úthluta hverju rými sem losnar til nýrra leikskólabarna sem allra fyrst til að ná upp í kröfur um fulla nýtingu á rýmum. Þetta getur verið sérstaklega snúið yfir sumarmánuðina. Ef rýnt er frekar í mun á aðstæðum í leik- og grunnskóla kemur í ljós að þeir eru gerólíkir í rekstrarlegu tilliti. Leikskólastjórinn þarf að sjá til þess að skólinn sé fullnýttur ellefu mánuði á ári en það þarf grunnskólastjórinn ekki. Í stuttri samantekt þýðir þetta að flest fimm ára börn eru í leikskóla og fara þaðan viðstöðulítið í grunnskóla. Skólaárið í leikskóla hefur hvorki afmarkaða byrjun né skýran endi og það, ásamt því að rekstrarlegir þættir þrýsta á um fulla nýtingu allan ársins hring, skapar sérstakar aðstæður sem ekki eru á öðrum skólastigum.

Í kjölfar nýrra laga um leik- og grunnskóla frá árinu 2008 komu út nýjar aðalnámskrár fyrir skólastigin. Ein helsta breytingin frá fyrri námskrám er að nú er sameiginlegur hluti fyrir öll skólastigin og í þessum sameiginlega kafla er lögð áhersla á samfellu í skólakerfinu og skýr skil á milli skólastiga. Bæði í aðalnámskrá leik- og grunnskóla er kafla um tengsl skólastiganna og þó margt sé eins eða sambærilegt í þessum köflum eru þeir ólíkir um sumt eins og nánar verður fjallað um hér á eftir. Þegar vitnað er í aðalnámskrár í umfjölluninni er vísað í útgáfu frá 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b) nema annað sé tekið fram.

Í aðalnámskrá leikskóla segir: „Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynna umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b, bls. 33). Í aðalnámskrá grunnskóla hljómar sambærileg setning svona: „Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynna væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 53). Hér er nokkur munur á. Í leikskólanámskránni er fjallað um rétt barnanna til að halda samskiptum við leikskólann eftir að skólagöngu lýkur. Þá eru samskiptin komin í umsjón grunnskólans og þar með verður óljóst hvernig þessum góðu tengslum skuli viðhaldið. Þá eru ekki notuð sömu orð í námskránum tveimur. Í leikskólanámskránni er notað orðalagið „leikskólabörn eiga að fá tækifæri“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b, bls. 33) en í grunnskólanámskránni segir, „leikskólabörn þurfa að fá tækifæri“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 53). Velta má fyrir sér hverju þessi munur sætir og hvers vegna réttur barna er óskoraður hvað varðar skyldur leikskólans en breytist í þörf í grunnskólanámskránni. Þar með má segja að meiri ábyrgð sé sett á leikskóla en grunnskóla við að framfylgja þessu ákvæði. Þennan mun má rekja til laga um skólastigin. Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er tilgreint að þetta ákvæði skuli vera í aðalnámskrá en í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er ekkert slíkt ákvæði.

Athygli vekur að í aðalnámskrá leikskóla er ákvæði þess efnis að börn fái að hafa skoðun á því hvaða upplýsingar grunnskólinn fær í hendur um þau persónulega. Ekki er erfitt að

skilja hvers vegna höfundar aðalnámskrár telja mikilvægt að börn fái að hafa skoðun á eigin málefnum en á vettvangi kemur í hlut leikskólakennara að útfæra þetta og gera verður ráð fyrir að þar sé um að ræða tímafrekt og krefjandi verkefni. Þetta er í samræmi við nýja menntastefnu stjórnvalda en þar kemur fram að lögð er áhersla á lýðræði og að börn eigi að fá tækifæri til þátttöku í skólasamfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, d). Árið 2009 var sett reglugerð um hvernig skilum á upplýsingum á milli skólastiganna skuli háttað (*Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla* nr. 896/2009). Þar eru ítarlegar upplýsingar um meðferð og miðlun persónuupplýsinga. Leikskólastjóri ber þar einn ábyrgð og annarra starfsmanna innan skólans er ekki getið í reglugerðinni. Báðar aðalnámskrárnar hafa kafla um skólanámskrá og starfsáætlanir. Í grunnskóla er gert ráð fyrir að upplýsingar um samstarf við leikskóla birtist í skólanámskrá en í leikskólanum eiga sambærilegar upplýsingar að vera í starfsáætlun. Ekki kemur fram hvernig stendur á þessum mun en umræddir kaflar eru að ýmsu öðru leyti ólíkir í námskránum tveimur.

Árið 1997 kom Norræna ráðherranefndin á samstarfsverkefni á Norðurlöndum um skóla-byrjun grunnskólabarna þar sem samstarf leik- og grunnskóla var meginviðfangsefnið. Hér á landi leiddi þetta meðal annars af sér verkefnið *Brúum bilið* (Menntamálaráðuneytið, 1997) sem hafði það að markmiði að móta stefnu og finna leiðir til að efla samstarf skólastiganna tveggja. Í niðurstöðum starfshóps um verkefnið er lögð áhersla á samfellu milli skólastiga, stef sem hljómar sterkt í aðalnámskránum 2008. Starfshópurinn taldi mikilvægt að skólar marki stefnu um samstarf og tengsl sín. Þessar sömu áherslur má greina í fyrstu aðalnámskrá leikskóla sem kom út árið 1999 og nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla sama ár (Menntamálaráðuneytið, 1999a, 1999b).

Guðrún Þórunn Jónsdóttir (2010) rannsakaði árið 2010 starf á mörkum skólastiga í 25 leik- og grunnskólum í Árnassýslu. Í öllum tilvikum reyndist vera samstarf á milli skólastiganna. Þó að flestum kennurum þætti samstarfið mikilvægt töldu 29% deildarstjóra í leikskóla og 22% umsjónarkennara í fyrsta bekk það skipta litlu máli fyrir börnin hvort þau hefðu kynnst starfi grunnskólans áður en þau hæfu nám í fyrsta bekk. Kennarar á báðum skólastigum eru því ekki sannfærðir um mikilvægi samstarfs þó að rannsóknir sýni að heimsóknir séu algengasta samstarfsleið skólastiganna og heimsóknir leikskólabarna í grunnskóla gefi þeim grunn til að byggja á raunsæjar væntingar (Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Einnig hefur verið tekist á um það hvort fimm ára börn eigi fremur heima í grunnskóla en leikskóla. Starfshópur á vegum Menntasviðs Reykjavíkur sem vann að hugmyndum um sveigjanlegan námstíma í grunnskólum lagði til að reka mætti deildir fyrir fimm ára börn í grunnskólum (Guðrún Edda Bentsdóttir, 2007). Í skýrslu starfshópsins kemur fram að fáir foreldrar hafa áhuga á að börn þeirra byrji svo snemma í grunnskóla né heldur er algengt að fimm ára börn fari á undan jafnöldrum sínum í grunnskóla og hefur þeim tilvikum fækkað. Einungis tvö fimm ára börn hófu grunnskólagöngu árin 2005 og 2006 en þau voru ellefu talsins skólaárið 2003 til 2004. Hópurinn telur ástæðuna vera þá að foreldrar séu sáttir við starf leikskólans með þessum aldurshópi.

Jóhanna Einarsdóttir (2004a) segir grundvallarmun vera á starfsháttum leikskóla annars vegar og grunnskóla hins vegar. Muninn megi sjá á meira skipulagi í grunnskóla og minni sveigjanleika. Moss (2008) og Dahlberg og Taguchi (1994) taka undir þetta og Moss áréttar að ef vel eigi að vera megi önnur hefðin ekki taka hina yfir heldur þurfi kennarar beggja stiga að ræða saman og skapa nýjar leiðir. Þóra Rósa Geirsdóttir (2002) segir skort á þekkingu einkenna umræður kennara á báðum skólastigum og þekkingarleysinu fylgi tortryggni. Í viðtalsrannsókn Bjargar Sigurvinsdóttur (2007) voru tekin viðtöl við leikskólakennara og grunnskólakennara á yngsta stigi. Niðurstöður sýna að ýmis teikn eru á

lofti um að afturhalds gæti við val á kennsluaðferðum. Kennarar kenni eins og þeim var kennt á sínum tíma fremur en eins og þeim var kennt í kennaranámi. Engu að síður kemst Björg að því að bæði leik- og grunnskólakennarar leggja áherslu á einstaklinginn fremur en hópinn. Hins vegar hafði leikur, og nám í gegnum leik, mikið vægi í umræðum leikskólakennara en lítið í umræðum grunnskólakennara. Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2010) segja kennara, hvort heldur þeir kenna í leik- eða grunnskóla, finnast þeir þurfa að rökstyðja það sérstaklega ef þeir velja leikinn sem námsleið. Þetta eigi ekki við um val á öðrum kennsluaðferðum.

Nutbrown, Clough og Selbie (2008) segja leik á undanhaldi í menntun yngri barna og margvíslegar kröfur yfirvalda um tiltekna þekkingu og færni valdi því að kennarar leggi meiri áherslu á kennslu á kostnað leiks. Wood (2010) segir tuttugu ára rannsóknir á leik barna sem leið til náms sýna að jafnvel þótt kennarar yngri barna nýti leikinn sem námsleið með fjölbreyttum hætti þá séu þeir óvissir um hlutverk sitt gagnvart leiknum. Hún telur að greina megi ákveðna spennu milli leikskólakennara sem aðhyllast ólíkar aðferðir og hefðir og að rannsóknir sýni að í breskum skólum líti kennarar yngri barna svo á að leikur og nám sé sitt hvor hluturinn og aðferðirnar séu sjaldan samþættar. Brooker (2010) tekur undir þetta og segir ástæðu til að hafa áhyggjur af því að leikurinn sem námsleið eigi undir högg að sækja í leikskóla og þá sérstaklega með elstu börnunum. Moyles (2010) bendir á að ein af ástæðunum geti verið sú að bæði börn og kennarar finni fyrir ytri þrýstingi á að ná markmiðum og áhersla á markmið hafi stýrandi áhrif og geti haft hamlandi áhrif á námið, starfið og árangurinn. Jóhanna Einarsdóttir (2007) telur að þegar lögð sé mikil áhersla á samfellu og tengsl skólastiga geti það leitt til þess að áhrif annars skólastigsins verði ríkjandi á mörkum skólastiga. Hún segir raunina hafa orðið þá að áhrif grunnskóla hafi orðið sterkari í leikskóla.

Lokaverkefni á háskólastigi endurspeglar að vissu marki áherslur og umræður sem efstar eru á baugi hverju sinni. Þegar efni slíkra ritgerða er skoðað sést að síðustu tíu ár hefur verkefnum fjölgað sem fjalla um starf með elstu börnum leikskólans og mörg þeirra eru með áherslu á læsi. Einnig er nokkuð um verkefni um flutning á næsta skólastig og samstarf skólastiganna tveggja. Að tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytis var fyrir á þessu ári leitað eftir því við sveitarfélög að þau bentu á leikskóla sem ynnu sérstaklega með málörvun og þróun lestrarnáms. Alls voru tilnefndir 25 skólar þar sem sérstakar áherslur voru í gangi á þessu sviði eða slíkum verkefnum var nýlokið (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011).

Þróunarsjóður leikskóla úthlutaði fyrst styrkjum til verkefna árið 1997 og næstu tvö ár hlutu styrk verkefni sem snerust um samvinnu skólastiga, eitt á hvoru ári. Árið 2002 fór menntamálaráðuneytið að auglýsa sérstaklega eftir verkefnum með ákveðnum áherslum og lagði það línur að miklu leyti um hver viðfangsefni þróunarverkefna voru eftir það. Sjóðurinn var lagður niður árið 2009 við stofnun sprotasjóðs (*Reglugerð um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla* nr. 242/2009). Úthlutað er úr sprotasjóði til leik-, grunn- og framhaldsskóla og opnaðist þar með möguleiki fyrir skóla að sækja um sameiginlega styrki þvert á skólastig. Við fyrstu úthlutun hlaut eitt verkefni styrk sem tók til tveggja skólastiga. Ári síðar voru sex slík verkefni styrkt. Viðfangsefnin voru fjölbreytt, fengist var við samstarf, sameiginlega sýn, eineltisáætlun, agastefnu, útikennslu og stærðfræði. Sjá má á þróunarverkefnum, skólanámskrám og vefsetrum leikskóla að starf með elstu börnunum er víða að einhverju marki öðruvísi en með yngri börnum (Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2008; Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011).

Stefnumörkun sveitarfélaga

Sveitarfélögum er lögð sú skylda á herðar, samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og grunnskóla (nr. 91/2008), að setja almenna stefnu um leik- og grunnskólahald í sveit-

arfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Stefnan skal byggja á lögum og aðalnámskrám beggja skólastiga. Henni er ætlað það hlutverk að móta starf skólanna til næstu framtíðar og skilgreina hvaða árangri stefnt er að. Í stefnunni þarf að koma fram hvaða leiðir skuli fara til að ná settum markmiðum. Í könnun sem gerð var fyrir mennta- og menningarmála-ráðuneytið í desember 2009 (Auður Magnús Leiknisdóttir og Magnús Árni Magnússon, 2009) um innleiðingu laga um grunn- og leikskóla kemur fram að meirihluti sveitarfélaga hefur mótað sér slíka stefnu eða voru með hana í vinnslu. Mjög misjafnt er hvenær sveitarfélögin unnu stefnuna og hversu reglulega hún hefur verið uppfærð. Í sumum tilvikum hafði stefna sveitarfélaga litið dagsins ljós áður en sett var í lög að móta slíka stefnu en stefna sumra annarra sveitarfélaga var miklu seinna á ferðinni. Í flestum sveitarfélögum er stefnan leiðarvísir um að hverju skuli stefnt í sveitarfélaginu en ekki framkvæmdaáætlun með skilgreinda mælikvarða og tímaáætlanir enda er ætlast til að stefnan endurspegli starfsáætlanir skólanna og skólanámskrár. Skólafélag fimm stærstu sveitarfélaga landsins var skoðuð og dregin fram þau atriði sem fjalla um samstarf leik- og grunnskóla.

Í *Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar* fyrir árið 2010 (Reykjavíkurborg, 2010a) kemur fram að 92% leikskóla Reykjavíkurborgar taka þátt í skipulögðu fagsamstarfi við grunnskóla árið 2009. Í stefnunni kemur fram áhersla á að koma á fót samstarfsverkefnum leik- og grunnskóla sem stuðla að auknu læsi barna og að samstarf sé aukið við háskólastofnanir um verkefni og rannsóknir sem beinast að auknu samstarfi leik- og grunnskóla. Þar er einnig sagt frá starfendarannsókn í þremur leik- og grunnskólum borgarinnar, meðal annars með áherslu á samfelli skólastiga og sveigjanleika (Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Ef stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2010b) er skoðuð kemur í ljós að 81% grunnskóla taka þátt í skipulögðu fagsamstarfi við leikskóla árið 2009. Talað er um að áhersla skuli lögð á samstarfsverkefni milli skóla á ólíkum skólastigum og samstarf list- og verkgreinakennara sérstaklega tekið fram.

Leikskólastefna Kópavogs (Kópavogur, 2008) hvetur til góðrar samvinnu milli skólastiganna og það sama kemur fram í stefnu grunnskóladeildar Kópavogs (Kópavogur, 2009). Lögð er áhersla á náð samstarf til að auðvelda flutning milli skólastiga og að þarfir nemenda og fjölskyldna þeirra séu hafðar að leiðarljósi í því samstarfi. Ætlast er til að leik- og grunnskólar í hverju hverfi samræmi dagatöl sín og er það á ábyrgð grunnskóladeildar að hafa eftirlit með að það sé gert.

Skólafélag Hafnarfjarðar (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, 2009) leggur áherslu á að stuðlað verði að öflugum samstarfi allra skólastiga og annarra sem vinna að velferð barna og að stofnanir fræðslusviðsins skilgreini áherslur í innbyrðis samstarfi. Samvinna leik- og grunnskóla skal byggð á forsendum beggja skólastiga og verkefni sem vinna að aðlögun nemenda sem eru að hefja grunnskólanám skulu eflað.

Í skólafélag Akureyrarbæjar (Skóladeild Akureyrarbæjar, 2005) er því markmiði lýst að skólar Akureyrarbæjar eigi gott samstarf sín í milli og efla samvinnu við aðra skóla. Bent er á að í góðum skóla sé leitað leiða til að skapa samfelli í skóla- og frístundastarfi nemenda. Lögð er áhersla á upplýsingaflæði og faglegt samstarf milli skólastiga og að gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara eigi sér stað. Í stefnunni kemur einnig fram að undirbúa skuli flutning nemenda milli skólastiga af kostgæfni.

Skólafélag Reykjanesbæjar (Reykjanesbær, 2001) leggur áherslu á að samstarf skólastiga þurfi að tryggja, til að skapa eðlilegt samhengi í námskröfum og þroska nemenda. Einnig er talað um að skólarnir þurfi að hafa með sér náð samstarf til að auðvelda nemendum flutning á milli skólastiga. Samræmi þurfi að ríkja í skólanámskrám skólanna og stuðlað sé að gagnvirkum tengslum tónlistarskóla, leikskóla og grunnskóla á sviði uppeldis og kennslu.

Auk þessa var skólafærni nokkurra minni sveitarfélaga skoðuð til að kanna hvort þar væru einhver áhersluatriði að finna sem ekki kæmu fram hjá stærri sveitarfélögum. Svo var ekki og ef þessi samanburður í heild sinni er skoðaður kemur í ljós að um mjög almenningar áherslur er að ræða. Oftast er talað um að stuðla beri að öflugum samstarfi án þess að það sé skilgreint nánar. Helst má greina þær áherslur að samstarfið eigi að stuðla að samféllu á milli skólastiga en ekki er farið nánar út í hvað slíkt felur í sér. Tilgreint er að efla eigi verkefni sem stuðli að aðlögun nemenda sem eru að hefja nám í grunnskóla og nefndar eru gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara milli skólastiga. Atriði eins og samræming á skólanámskrám og skóladagatölum eru nefnd og gjarnan fjallað um að skólar skuli hafa hagsmuni foreldra í fyrirrúmi við skipulagningu starfsins.

Í áður nefndri könnun um innleiðingu laga um grunn- og leikskóla (Auður Magnús Leiknisdóttir og Magnús Árni Magnússon, 2009) sögðust 10% sveitarfélaga ekki stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla. Sú skýring var gefin að frumkvæðið að samstarfi kæmi frá skólunum sjálfum og einn svarenda orðaði það svo, að ekki væri talin ástæða til að „sveitarstjórn [hefði] sérstakan atbeina í þessum efnum“ (Auður Magnús Leiknisdóttir og Magnús Árni Magnússon, 2009, bls. 12). Er þetta athyglisvert í ljósi þess að í lögum beggja skólastiganna (nr. 90/2008 og 91/2008) er tekið fram að sveitarstjórnnum sé ætlað það hlutverk að koma á virku samstarfi grunnskóla og leikskóla og því á þeirra ábyrgð að slíkt samstarf komist á.

Skólafærni

Það er stór stund í lífi barna að flytjast úr leikskóla yfir í grunnskóla og við þau þáttaskil eru bundnar margvíslegar væntingar sem snúa að daglegri umgengni við börnin. Starfsfólk á báðum skólastigum hefur sýn á hvaða þekkingu og færni mikilvægast er fyrir börnin að búa yfir á þessum tímamótum svo hægt sé að tala um að þau séu tilbúin til að færast yfir á næsta skólastig og sá flutningur verði eins átakalíttill og hægt er. Foreldrar hafa einnig sínar væntingar til þessara tímamóta, að ógleymdum börnunum sjálfum. Ekki er til nein alþjóðleg skilgreining á því hvaða færni og þekkingu börn þurfa að búa yfir eða hvaða markmiðum þau þurfa að hafa náð til að hægt sé að tala um að þau séu tilbúin til að færast af einu skólastigi yfir á annað. Hugtakið skólafærni (e. *school readiness*) felur þó í sér að ákveðin færni hljóti að vera nauðsynleg til að hefja skólagöngu. Í hverju þessi nauðsynlega færni felst liggur ekki ljóst fyrir. Moss (2008) telur að hugtakið hafi ólíka merkingu í hugum fólks og það hafi ruglandi áhrif. Dahlberg og Taguchi (1994) taka undir þetta og segja að umræðu vanti um hvernig hugtök eins og nám og kennsla séu skilgreind. Leikskólakennarar virðast ekki skilgreina með sama hætti orð og hugtök um nám og kennslu leikskólabarna. Kennari sem segist leggja áherslu á kennslu virðist nota sömu aðferðir og kennari sem segist leggja áherslu á nám í gegnum leik (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011; Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2010).

Þótt djúpt sé á á skilgreiningu á hugtökum sem hér hafa verið nefnd er í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir bæði skólastigin fjallað um námshæfni og hún skilgreind þannig að börn geti sótt, og síðan nýtt sér, þekkingu og leikni. Áhugi og sjálfsþekking er einnig talin mikilvæg sem og samþætting og samskipti. Námsþæfni er samt ekki nefnd í tengslum við skólaskil né hvað felist í skólafærni.

Jóhanna Einarsdóttir (2003, 2004a, 2004b, 2007, 2009) hefur rannsakað ýmsar hliðar á skólaskilum leik- og grunnskóla, viðhorf kennara, foreldra og barna en einnig áhrif fjölmíðla og tengsl skólastiganna. Í stuttri samantekt má segja að helstu niðurstöður Jóhönnu sýni að skólastigin séu ólík og það sé orðaforðinn og orðræðan einnig. Í leikskóla virðast kennarar hafa meira vald yfir störfum sínum og börn yfir námi sínu. Væntingar frá samfélaginu og foreldrum séu ekki þær sömu til skólastiganna og foreldrar telji að töluverðan

mun sé að finna á skólastigunum. Vísbendingar eru um að formlegt námsgreinamiðað nám færast neðar í skólakerfinu.

Ýmsar erlendar rannsóknir má finna þar sem reynt er að varpa ljósi á þessa þætti. Wesley og Buysse (2003) rannsökuðu viðhorf og væntingar skólafólks og foreldra um skólafærni leikskólabarna í fylkinu Norður-Karólínu í Bandaríkjunum. Myndaðir voru tuttugu rýnihópar með þátttöku foreldra, leikskólakennara og skólastjóra grunnskóla. Í niðurstöðum kemur fram að allir þátttakendur lögðu áherslu á mikilvægi félags- og tilfinningaþroska barna, að tungumálið og samskiptafærnin mæti væntingum en lögðu minni áherslu á grunnskólamiðaða þætti eins og þá að þekkja stafina og hljóð þeirra. Lögð var áhersla á að börnin gætu átt í merkingarbærum samskiptum hvert við annað og við fullorðna einstaklinga, fylgt einföldum reglum og fyrirmælum, sýnt sjálfstæði og tjáð sig í kennslustofunni um atriði sem sneru að löngunum þeirra og þörfum þegar þau hæfu grunnskólagönguna. Leikskólakennararnir lögðu sérstaka áherslu á að byggja upp sjálfs-traust barna, örva sköpunargleðina og athyglisgáfuna og leyfa meðfæddri forvitni þeirra að njóta sín í verkefnum. Þeir bentu jafnframt á að þar sem á þeim hvili sú pressa að börnin uppfylli viðmið um bóklega kunnáttu þegar þau yfirgefi leikskólann gefist of lítið svigrúm til að vinna með þessa þætti. Þau viðmið um bóklega kunnáttu sem börnin þurftu að uppfylla voru misjöfn eftir ríkjum, allt frá því að kunna bókstafina og geta skrifað þá til þess, svo dæmi sé tekið, að þekkja sjónrænt 150 algeng orð.

Önnur bandarísk rannsókn (Lin, Lawrence og Gorrell, 2003) fjallar um skilning leikskólakennara á hugtakinu skólafærni og sýnir svipaðar niðurstöður. Spurningakönnun var lögð fyrir 3.305 leikskólakennara til að kanna hvaða áherslur þeir vildu leggja í starfinu með börnunum. Rannsóknin leiddi í ljós að leikskólakennarar leggja mikla áherslu á félagslega þætti. Nefndir voru þættir eins og það að geta fylgt fyrirmælum, trufla ekki vinnu innan hópsins, vera næmur fyrir tilfinningum annarra og geta deilt með öðrum. Yngri kennararnir lögðu þó frekar áherslu á bóklega þekkingu en þeir sem eldri voru.

Noel (2010) rannsakaði viðhorf kennara yngri barna og stjórnenda í einum grunnskóla í Ástralíu til skólafærni og hvað best væri að gera til að undirbúa börn með ólíkan bakgrunn og reynslu undir grunnskólagönguna. Rannsóknin var viðtalsrannsókn þar sem tekin voru viðtöl við þrjá kennara og fjóra stjórnendur. Niðurstöður benda til að þátttakendur telji félags- og tilfinningaþætti og það að vera móttækilegur fyrir að meðtaka það sem kennt er, það mikilvægasta í þessu samhengi. Ekki var talið eins mikilvægt að standa sig vel í bóklegum þáttum eins og að þekkja litina, bókstafi og tölustafi. Í rannsókninni kom einnig fram að þátttakendur telja að hugtakið skólafærni feli í sér miklu fleira en þá færni og þekkingu sem börnin búi yfir við upphaf skólagöngu. Hún felist ekki síður í því að allir sem koma að námi barnanna bæði fjölskyldan, skólinn og samfélagið geti mætt þeim þar sem þau eru stödd óháð bakgrunni þeirra eða eiginleikum.

Mashburn og Pianta (2006) velta fyrir sé hvaða þættir það séu sem helst hafi áhrif á skólafærni barna. Þeir benda á að oftast sé skólafærni metin út frá félagslegri færni og bóklegri þekkingu við upphaf skólagöngu. Þeir leggja áherslu á að hugtakið skólafærni sé flókið hugtak og vara við því að horft sé of þröngt á þá getu sem börn búa yfir þegar skólafærni þeirra er metin. Horfa þurfi á börn í samhengi við umhverfi þeirra. Þeir benda á að skólafærni sé skilgreind á mismunandi hátt eftir því hver á í hlut. Kennarar, skólayfirvöld og foreldrar skilgreini ekki færniina samkvæmt sömu viðmiðum. Þeir telja að ekki megi einblína um of á þætti eins og bóklega og vitsmunalega þekkingu, tungumálið og læsi. Þeir þættir sem séu ekki síður mikilvægir í þessu samhengi og stuðli að getu barna til að takast á við það ferli að færast á milli skólastiga séu þau víxlverkandi áhrif sem verða þegar börn eiga í samskiptum við önnur börn, foreldra og kennara. Þeir draga fram og leggja áherslu á þætti eins og tengsl innan fjölskyldunnar og þá ekki hvað síst tengslin

á milli foreldra og barna, tengsl og samvinnu foreldra við skólann og tengsl barna við kennara og annað fullorðið fólk í skólasamfélaginu.

Fleiri tækifæri í menntun ungra barna og meiri vitneskja um þroska þeirra kallar á að vandað sé til verka þegar skólafærni barna er metin. Denham (2006) telur að velta þurfi fyrir sér hvers konar matstæki séu notuð en einnig þurfi að ræða hvers vegna slíkt mat eigi að fara fram og hvenær eigi að nota það. Hún bendir á að þrátt fyrir mikilvægi félags- og tilfinningalegra þátta í þroska barna þá hafi sú áhersla ekki endurspeglast í vinnu með börnunum né þeim viðmiðum sem notuð hafa verið þegar skólafærnin er metin. Þetta hafi þó breyst á síðustu árum og nú séu menn meðvitaðri um það að áhersla á þessa þætti í vinnu með börnum skipti sköpum um líkamlega og andlega heilsu þeirra en einnig frammistöðu þeirra í námi.

Ef til vill kemst þó Moss (2008) einna næst kjarna málsins en hann vill hefja umræðuna á annað stig og fremur en spyrja hvernig börn þurfi að vera til að henta skólum þá sé spurt að því hvernig skólinn þurfi að vera til að henta börnum. Er það í fullu samræmi við þá sýn að skólinn eigi að vera fyrir alla og hann eigi að geta mætt nemendum þar sem þeir eru staddir og boðið þeim nám við hæfi eða eins og segir í grunnskólalögum (nr. 91/2008): „Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda ... Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi.“

Aðferð

Markmið rannsóknarinnar var að fá sem skýrasta sýn á starf með elstu börnum leikskólans, greina hvaða áherslur eru lagðar og að hvaða markmiði er stefnt. Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

- Hvaða áherslur eru lagðar í starfi með elstu börnum leikskólans síðasta árið þeirra í skólanum?
- Hvernig skilgreina leikskólastjórar skólafærni barna við lok leikskóla?

Aðferðarfræði rannsóknar var meginindleg. Byggt var á spurningakönnun á vef en þannig má safna fjölbreyttum gögnum með auðveldum hætti á skömmum tíma (Þorlákur Karlsson, 2003). Þátttakendur voru valdir með markmiðsúrtaki en þegar sú leið er farin eru þátttakendur valdir með markmið rannsóknarinnar í huga (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003).

Spurningakönnunin var samin sérstaklega fyrir þessa rannsókn og forprófuð. Hún var samin með það fyrir augum að fá fram upplýsingar um hvernig starfinu með elstu börnum leikskólans væri háttað síðustu mánuði þeirra í skólanum. Spurt var bæði um aðstæður sem skólar búa við sem og viðhorf leikskólastjóra til þeirra. Leitað var upplýsinga um skipulag á starfinu með elstu börnunum bæði viðfangsefni og aðstæður. Spurningakönnunin var nafnlaus og ekki hægt að rekja svörin til svarenda. Spurningar voru bæði lokaðar og hálfopnar og svör við hálfopnum spurningum voru orðræðugreind. Líta má á hugtakið orðræðugreiningu sem yfirhugtak yfir margskonar aðferðir við að greina texta og viðtöl svo dæmi séu tekin en hér var áherslan á að finna hugtök og þræði í texta svarenda og leita viðhorfa (Kristín Björnsdóttir, 2003). Leitað var leyfa hjá sveitarfélögum til að leggja könnunina fyrir.

Rannsóknin var framkvæmd á tímabilinu frá júní fram í september árið 2011. Til þátttöku voru valin nokkur sveitarfélög víðsvegar um landið og var þess gætt að jafna dreifingu á milli skóla í dreifbýli og þéttbýli til að auka möguleika á samanburði. Öllum leikskólastjórum í þessum sveitarfélögum, en þeir voru 110, var sent tölvubréf á netföng skólanna og boðin þátttaka. Ekki var gerður greinamunur á einkareknum skólum og öðrum. Fimmtíu og fjórir þeirra sem fengu slíkan póst voru skólastjórar við skóla í stórum bæjarfélögum og

fimmtíu og sex voru við skóla í dreifbýli. Í úrtakinu voru 38,7% allra leikskóla í landinu. Flestir skólanna sem um ræðir eru stærri skólar með tvær deildir eða fleiri og fjöldi barna á síðasta ári í leikskólanum var mismikill, allt frá því að vera færri en tíu börn til þess að vera fleiri en 30.

Í einhverjum tilvikum sáu leikskólastjórar fram á breytingar á rekstri skóla sinna eða stóðu í slíku ferli og báðust undan þátttöku. Þetta hafði einhver áhrif á svörun en alls tóku 65 þeirra þátt eða 60%. Svarhlutfall úr þéttbýli var 65% á móti 54% úr dreifbýli. Niðurstöðurnar voru ekki skoðaðar út frá staðsetningu eða stærð skóla heldur settar fram sem heild.

Svör ættu að lýsa nokkuð vel aðferðum leikskóla í landinu, aðstæðum og viðhorfum að því marki sem þau sveitarfélög sem valin voru endurspeglu heildina. Ytri og innri aðstæður í leikskólum hafa undanfarna áratugi breyst hratt og því óvarlegt að ætla að hægt sé að yfirfæra niðurstöður til langs tíma lítið en ytra réttmæti ætti að vera tölvuvert þar sem allar líkur eru á að svipaðar niðurstöður fengjust ef könnunin yrði endurtekin eða send öðrum leikskólastjórum.

Niðurstöður og umræða

Eins og komið hefur fram svöruðu 65 leikskólastjórar víðsvegar af landinu spurningakönnuninni. Niðurstöður sem hér er greint frá eru úr þeim hluta rannsóknarinnar sem fjallar um skólafærni og starf með elstu börnunum síðasta árið þeirra í leikskólanum.

Skólafærni

Leikskólastjórnir voru spurðir að því hvaða færni og þekkingu þeir teldu mikilvægast að elstu börnin byggju yfir þegar þau hætta í leikskóla. Niðurstöður fólu í sér 230 atriði sem raðað var eftir mikilvægi svo úr urðu fjórtán liðir. Afgerandi var hvaða þátt skólastjórar töldu mikilvægastan í skólafærni leikskólabarna við skólaskil. Góð félagsfærni eða góður félagsþroski var nefndur fjörutíu og fjórum sinnum, mun oft en nokkur annar einstakur þáttur. Í öðru til fimmta sæti voru atriði sem sum eru nátengd en ástæða þótti til að flokka sérstaklega. Þessi atriði voru, nefnd í mikilvægisröð, að börn hafi sjálfstraust og séu sjálfsörugg, að börn hafi góða sjálfsmynd, að börn séu sjálfbjarga og ráði við sjálfshjálp og að börn séu sjálfstæð. Ögn færri atkvæði hlutu atriði eins og að börn kunni að vinna í hópi og að börn geti sýnt virðingu. Einn leikskólastjórinn orðaði þetta svo:

Mikilvægt að þau séu sjálfstæð, sjálfbjarga, sjálfsörugg, með góða sjálfsmynd. Að þau séu félagslega sterk og kunni leiðir til að leysa úr ágreiningi. Æskilegt að grip um skriffæri sé rétt og að þau kunni að meðhöndla algeng áhöld. Þekki staðreyndir um sjálf sig, svo sem heimilisfang, símanúmer og þess háttar.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir (Lin o.fl., 2003; Mashburn og Pianta, 2006; Noel, 2010). Jóhanna Einarsdóttir (2007) segir íslenska leikskóla vinna mikið með félagsleg samskipti og aðferðir séu barnmiðaðar og þroskamiðaðar. Í rannsókn Ingibjargar Óskar Sigurðardóttur (2010) kemur fram að menning íslenska leikskólans sé sterk og því séu hugmyndir leikskólakennara líkar. Það getur skýrt hve kjarninn í svörum leikskólastjóranna er líkur, jafnvel þó að farið sé vítt og breytt um landið, úr þéttbýli í dreifbýli, að leita svara.

Leikskólastjórar voru einnig beðnir að gera sér í hugarlund hvaða færni og þekking kæmi börnunum best við upphaf grunnskólagöngunnar. Þar komu fram 121 atriði. Þau voru þó það keimlík að þegar þeim atriðum er sleppt sem aðeins komu fyrir einu sinni eða tvisvar, urðu úr sjö liðir. Flestir töldu mikilvægast að börnin væru sjálfbjarga og næst mikilvægast að börnin hefðu þekkingu á læsi og/eða stærðfræði. Ögn færri töldu það mikilvægt að börnin gætu setið kyrr eða hlustað. Næst álitu svarendur það miklu máli skipta að börnin réðu yfir færni til að nota blýant, bjarga sér sjálf með pennaveskið og skólatöskuna og

gætu reimað skó og rennt rennilásum. Jafnoft var nefnt að börnin gætu farið eftir fyrir-mælum. Þetta eru mikið til sömu atriði og koma fram í niðurstöðum Jóhönnu Einarsdóttur (2007) þar sem kennarar á báðum skólastigum tilgreina þau atriði sem líklegust séu til að valda börnum erfiðleikum í skólabyrjun.

Svör leikskólastjóra um æskilega færni og þekkingu við lok leikskólans eru mun persónulegri og mýkri en þegar þeir velta fyrir sér sömu þáttum við upphaf grunnskólagöngunnar. Dygðir og mannkostir eru áberandi sem mikilvægir þættir við lok leikskóla og frásögnin er einnig heildstæðari þegar rætt er um leikskólann. Við upphaf grunnskóla eiga færni og þekking hinsvegar að skipta mestu og orðræðan hvað hann varðar er knapparí.

Velta má fyrir sér hvers vegna svör leikskólastjóranna eru með öðrum hætti þegar rætt er um færni og þekkingu barna við lok leikskóla og við upphaf grunnskóla. Þetta er í takt við það sem fram kemur hjá Jóhönnu Einarsdóttur (2003) en hún telur leikskólann hneigjast að „rómantískri sýn“ á börn en í grunnskólanum sé meiri áhersla á námsgreinar og lítið svo á að þangað séu börnin komin til að taka við þekkingu. Einnig getur verið að leikskólastjórnir hafi takmarkaða þekkingu á því starfi sem fram fer í grunnskólanum sam-anber niðurstöður Þóru Rósu Geirsdóttur (2002) og hafi því ekki skýra sýn á starfið sem þar fer fram. Hvort heldur sem er, stendur eftir sú spurning hvort niðurstöður endurspegli raunverulegan mun á hugmyndafræði og kennsluaðferðum á hvoru skólastigi fyrir sig, þekkingarleysi eða gamalgrónar hugmyndir sem kannski eiga ekki lengur við.

Skólastjórnir voru einnig beðnir að svara því hvaða færni og þekkingu þeir teldu að foreldrum þætti mikilvægt að börnin réðu yfir við skólaskil. Þeir nefndu 103 atriði sem í mikilvægisröð falla undir tíu liði. Færni til að bjarga sér sjálf var sú færni sem skólastjórnir töldu að foreldrum þætti mikilvægust sem og að börnin ættu vini, væru félagslega sterk eða góð í samskiptum. Einnig töldu þeir að foreldrum þætti mikilvægt að börnin byggju yfir ákveðinni þekkingu og var þá áherslan á að þau kynnu eða þekktu bókstafi eða jafnvel að þau gætu lesið. Einnig töldu leikskólastjórnir foreldra vilja að börnin væru sjálfstæð, örugg og hefðu góða aðlögunarhæfni.

Það er því ljóst að leikskólastjórnir telja foreldra leggja mesta áherslu á að börnin eigi vini og geti bjargað sér undir nýjum og jafnvel erfiðari kringumstæðum. Einnig að lagður hafi verið nægilegur grunnur að læsi annars vegar og því sjálfstrausti sem breyttar aðstæður kalla á hins vegar. Einn skólastjóri nefnir dæmi um þetta:

Að hafa góða samskiptahæfni og eiga vini. Að hafa tileinkað sér eitthvað í sambandi við bókstafina og vera tilbúin að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra.

Þetta er í samræmi við niðurstöður Sigurborgar Sturludóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2008) sem bentu til að foreldrum finnst að leikskólinn sé verndaðra umhverfi fyrir börn sín en það sem bíði þeirra í grunnskóla og stökkið þarna á milli sé stórt. Í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur (2003) kom fram að þekking leikskólabarna á því sem fram fer í grunnskóla afmarkaðist að mestu við læsi og stærðfræði. Jóhanna spurði leikskólabörn um viðfangsefni þeirra í skólanum og þá kom í ljós að viðhorf þeirra til náms og kennslu er ólíkt eftir því hvort skólastigið er til umræðu. Þannig nefndu þau gjarnan leiki og samskipti við önnur börn sem mikilvæga þætti í leikskólanum en tengdu ytri þætti og formið við grunnskólann, reglur og viðeigandi hegðun. Þessi atriði eru í samræmi við skoðanir leikskólastjóra sem hér eru til umræðu. Leikskólastjórnir, foreldrar og börn virðast því telja að það sé munur á skólastigunum og hafa svipaðar hugmyndir um í hverju sá munur er fólgin.

Wesley og Buysse (2003) segja að rannsóknir sýni að þættir eins og félagsfærni, jákvæðni og forvitni skipti meira máli við skólaskil en bóklegir þættir eins og að þekkja stafi

eða geta talið. Það sé einnig mat foreldra að þessir þættir skipti mestu. Íslensk lög gera ráð fyrir skólaskyldu frá sex ára aldri og grunnskólinn er fyrir öll börn. Í lögunum segir: „Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda ... Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi“ (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008). Skólar eiga að taka við öllum börnum og mæta þeim þar sem þau eru stödd og því eðlilegt að ákveðin bókleg færni eða þekking sé ekki aðalatriði þegar skólafærni er metin heldur aðrir þeir þættir sem hér hafa komið fram. Þrátt fyrir þetta gætir ákveðins þrýstings á skóla að vinna að tilteknum þáttum svo sem að börn læri fyrir að lesa (Wesley og Buysse, 2003).

Starf með elstu börnum leikskólans

Flestir leikskólastjórnir sögðu að í þeirra skóla væru sömu áherslur með elstu börnunum og þeim yngri. Sextán þeirra nefndu að á starfinu væri munur og sá munur fælist mest í auknum kröfum miðað við þroska og getu. Ekki var um að ræða afgerandi niðurstöðu heldur dreifð svör sem fólu m.a. í sér atriði eins og að elstu börnunum væru gefin verkefni við hæfi, að hópar stækki eftir því sem börn eldast og umönnun minnki. Kennslustundir og stýring voru orð sem komu fyrir en hvorki oft né víða. Einn leikskólastjóri orðaði þetta svo:

Að öll börn fái að vera börn óháð aldri og þau fái að takast á við þau verkefni og viðfangsefni sem henta þroska þeirra og getu hverju sinni. Forðast skal að mæla öll börn á sömu stikunni en leyfa þeim að njóta styrkleika sinna um leið og unnið er með veikleika þeirra.

Nokkrir setja sig upp á móti því að elstu börnin séu tekin út úr almennu leikskólastarfi og rökstyðja það með því að þau eigi að vera hluti af leikskólanum og eiga sitt rými þar. Leikskólastjórar leggja einnig áherslu á mikilvægi þess að mæta hverju barni þar sem það er statt óháð aldri, þannig að öllum börnum séu gefin viðfangsefni við hæfi. Þeir vilja að aðferðir byggi á samþættingu námssviða.

Starfið með elstu börnunum breytist þegar líða tekur á vorið samkvæmt svörum fjórutíu og fimm skólastjóra. Allir nema einn sögðu að með vorinu væri farið í fleiri vettvangsferðir með elstu börnin. Þrjátíu sögðu að útivera ykist og sami fjöldi að lögð væri meiri áhersla á hreyfingu. Rúmlega helmingur tiltók að meira væri unnið með skapandi starf og ögn færri að áhersla á málrækt væri meiri. Þetta bendir til þess að skipulagðar stundir í anda grunnskóla séu að minnsta kosti ekki stór hluti af starfinu undir lok leikskóla. Áberandi er að hreyfing og vettvangsferðir fái meira rými. Hér má greina sterkan samhljóm við aðalnámsskrá leikskóla frá árinu 1999 en ætla má að nógildandi aðalnámsskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a) sé enn það ný að hún sé ekki farin að hafa teljandi áhrif.

Þegar spurt var hvort starfið með elstu börnunum hefði breyst síðustu fimm ár svaraði meirihlutinn neitandi. Af þeim tuttugu og sjö sem sögðu já nefndu flestir að unnið væri meira með læsi. Útikennsla og útideildir voru nefndar jafnoft sem og að vettvangsferðir væru fleiri. Aukin útvíst og meiri hreyfing fá einnig meira rými. Framangreind atriði eru nátengd og ef þau eru flokkuð saman þá fá þau samanlagt meira vægi en læsið. Í þriðja lagi segja skólastjórar að meira sé um samstarf við grunnskóla.

Nær allir leikskólastjórnir sögðust hafa framtíðarsýn um starfið með elstu börnunum. Þegar rýnt er í svör þeirra sést að margir vilja leggja aukna áherslu á leik sem námsleið umfram aðrar kennsluáferðir. Þetta þurfi sérstaklega að skoða gagnvart elstu börnunum. Einn skólastjóri sagði:

Að það sé hægt að leyfa þeim að leika meira og læra minna. Þau hafa mikla leikþörf og oft erum við of upptekin fyrir leikinn. Það á að kenna þeim svo mikið áður en þau fara í skóla.

Annar skólástjóri setur framtíðarsýn sína í orð og leggur áherslu á að njóta dagsins. Hann segir:

Ég á mér framtíðarsýn um starf með elstu börnunum líkt og öðrum börnum sem í leikskólanum eru. En umfram allt er barnið í „núinu“ í leikskólanum og það að standa vel að því „núi“, trúi ég að stuðli að velgengni barnsins í framtíðinni. Of mikil hugsun um framtíðina getur skyggt svo mikið á nútíðina að það hindrar framtíðarmöguleika.

Leikskólástjórar lýsa áhyggjum sínum að aðferðir grunnskóla færast niður í leikskóla og segja að sameining leik- og grunnskóla geti ýtt undir þetta. Sama eigi við um tilhneingingu leikskólakennara til að skipuleggja sérstaka tíma fyrir elstu börnin með öðrum áherslum en fyrir börn á öðrum aldursstigi. Einn þeirra orðar þetta svona:

Að þau [elstu börnin] haldi áfram að vera hluti af leikskólanum. Þau séu ekki tekin sér í stofur, heldur séu hluti af aldursblönduðum deildum. Þau fái tækifæri til að miðla sinni þekkingu til yngri barna því það að kenna öðrum er mesta námstækifærið sem gefst. Þau fái ögrun við hæfi. Mér finnst það sérkennilegt að hafa einhver sérstök verkefni fyrir fimm ára sem kannski fullt af fjögurra ára börnum geta og eru tilbúin að takast á við. Ef þetta snýst um verkefni dælum þá ögrandi verkefnum til allra, það er verkefnum við hæfi miðað við þroskastig barnsins en ekki aldur.

Áhyggjur leikskólástjóra virðast eiga nokkurn rétt á sér. Undanfarin ár hafa leikskólar verið sameinaðir grunnskólum og ekki sér fyrir endann á því. Minna má á niðurstöður starfs- hóps á vegum Menntasviðs Reykjavíkur (Guðrún Edda Bentsdóttir, 2007) sem lagði til að fimm ára deildir yrðu starfræktar í grunnskólum. Rannsakendur hafa bent á að tilhneing sé til að færa kennslaáferðir grunnskóla inn í starf leikskóla (Moss, 2008; Dahlber og Tacuchi, 1994). Svo virðist einnig sem áhersla á læsi og lestrarkennslu sé töluverð í leikskólum, gjarnan með formföstum hætti (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir 2011; Björg Sigurvinsdóttir, 2007). Leikskólakennarar virðast hafa færri rök fyrir leik sem námsleið en öðrum aðferðum (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2010).

Þessi sömu atriði eru öll ítrekuð þegar leikskólástjórar telja upp það sem betur mætti fara í starfi með elstu börnum leikskólans. Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (2010) segir að leikskólakennurum finnst leikurinn auðveldari sem námsáferð en bein kennsla, en þó megi finna hjá þeim ákveðið óöryggi gagnvart því hve mikið vægi leiks og skipulagðra stunda eigi að vera.

Leikskólástjórar voru nokkuð sammála um að starfið með elstu börnunum sé á réttri leið og rökstuddu það með ýmsu móti. Einn skólástjóranna gerði það svona:

Ég merkti við já, þar sem ég held að sú tilhneiging hafi átt sér stað fyrir nokkrum árum að leikskólastarfið hafi verið að nálgast hugmyndafræði grunnskólans allt of mikið og verkefni í 1. bekk hafi verið að færast niður í leikskólann. Ég held að þetta sé að breytast aftur í þá átt að hafa hugmyndafræði leikskólans í forgrunni og ég fagna því að mér finnst grunnskólinn (amk. grunnskólinn sem ég er í samstarfi við og fleiri sem ég þekki dálítið vel til) sé að taka æ meira inn hugmyndafræði leikskólans ☺.

Sex voru sannfærðir um að þróunin væri ekki á réttri leið og nefndu sem dæmi að þegar elstu börnin væru tekin sér misstu þau af kostunum við aldursblöndun, þeir væru margir og ekki mætti líta fram hjá því, eða eins og einn þeirra sagði:

Vil sjá gott námshvetjandi leikskólasamfélag þar sem börn eru saman í víðum aldri og læra þannig hvert af öðru. Öll fimm ára börn eru ekki á sama stað í þroska. Það verða strax til skil í hópnum, einhverjir sem ráða miklu og eru svokallaðir foringjar og svo fylgjendur og nokkrir lítið sýnilegir og halda sig til hlés. Þessi skipting verður mildari í aldursdreifðum hópum og fleiri fá tækifæri til leiðtogahlutverks.

Það er ákveðin sýn leikskólastjóra að fimm ára börn eigi almennt að vera í leikskólanum, starfið með þessum aldurshópi sé í þróun og leikskólaumhverfið henti þessum aldurshópi vel. Umræða um flutning þeirra í grunnskóla hugnast þeim ekki.

Samantekt og lokaorð

Niðurstöður sýna að það er munur á hugmyndum leikskólastjóra um æskilega færni og þekkingu barna við lok leikskóla og því hvað kæmi þeim best við upphaf grunnskóla. Að mati leikskólastjóra á leikskólinn að vinna að góðri félagsfærni, efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, vinna að sterkri sjálfsmynd og kenna börnunum að vera sjálfbjarga og sjálfstæð. Leikskólastjórar telja það koma börnunum vel við grunnskólabyrjun að geta bjargað sér sem mest sjálf, setið kyrr, hlustað og farið að fyrirmælum.

Þó hér komi fram hugmyndir um ólíkar áherslur eru þær ekki endilega ósamræmanlegar né heldur óeðlilegar. Skólastigin byggja á ólíkum grunni og það eitt og sér útskýrir að áherslur geti verið ólíkar. Einnig er markmið skólastarfsins og umgjörð ólík.

Af svörum leikskólastjóranna 65 má ráða að starfið með elstu börnunum sé fjölbreytt en greinanleg áhersla sé á verkefni tengd læsi. Kennsluáðferðir eru líkar í grunninn þó að orðræðan um nám og kennslu sé mismunandi. Þessi áhersla á kennslu og skipulagðar stundir er þó á skjön við það sem leikskólastjórnir sjálfir telja mikilvægt í starfi leikskólans. Þeir setja félagsþroska og leikinn á oddinn.

Einn leikskólastjóranna 65 sem gáfu sér tíma til að svara spurningum okkar og veita með því innsýn í leikskólastarfið lagði fram þessa þörfu áminningu:

Ekki gleyma samt leiknum og gleðinni.

Þessi orð endurspeglar vel kjarnann í niðurstöðum rannsóknarinnar og anda aðalnámskrár leikskóla. Framtíðarsýn leikskólastjóra er að fimm ára börn í leikskóla fái áfram að læra í gegnum leik og vera leikskólabörn.

Heimildir

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2008). *Fimm ára og fær í flestan sjó: Lestrar-, ritunar- og stærðfræðinám í gegnum leik*. Akureyri: Leikskólinn lðavöllur.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2010). Ritun í leikskóla. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félags og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls.15-21). Sótt í október 2011 af <http://www.fel.hi.is/sites/files/fel/FELMAN-ritstyrt-BOK.pdf>

Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Siguðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikur – ritmál – tjáning: Starfendarannsókn um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt í október 2011 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/003.pdf>

- Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2011). *Skýrsla um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum: Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Auður Magnús Leiknisdóttir og Magnús Árni Magnússon. (2009). *Könnun á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla og grunnskóla: Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt í september 2011 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=2549B4FB140F2F3C002576F00058DD35&action=openDocument>
- Björg Sigurvinsdóttir. (2007). *Viðhorf leik- og grunnskólakennara til uppeldis og menntunar*. Óbirt meistaraprófsritgerð: Háskólinn á Akureyri, kennaradeild.
- Brooker, L. (2010). Learning to play in a cultural context. Í P. Broadhead, J. Howard og E. Wood (ritstjórar), *Play and learning in the early years* (bls. 27–42). London: Sage.
- Dahlberg, G. og Taguchi, H. L. (1994). *Förskola och Skola: Om två skilda traditioner och om visionen om en mötesplats*. Stokkhólmur: HLS Förlag.
- Denham, S. A. (2006). Social-Emotional Competence as support for school readiness: What is it and how do we assess it? *Early Education and Development*, 17(1), 57–89.
- Guðrún Edda Bentsdóttir (ritstjóri). (2007). *Sveigjanlegur námstími í grunnskóla*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkur.
- Guðrún Þórána Jónsdóttir. (2010). *Víst vil ég lesa: Undirstöðuþættir lestrarnáms í leik- og grunnskóla*. Óbirt meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Hagstofa Íslands. (2011a). *Börn í leikskólum eftir aldri, kyni og landsvæðum 1998–2010*. Sótt í september 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01101%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+aldri%2C+kyni+og+landsv%E6%F0um+1998%2D2010++%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fjöldi/hlutfall>
- Hagstofa Íslands. (2011b). *Börn í leikskólum eftir kyni, aldri, landsvæðum og lengd viðveru 1998–2010*. Sótt í október 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01102%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+kyni%2C+aldri%2C+landsv%E6%F0um+og+lengd+vi%F0veru+1998%2D2010%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fjöldi>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2010). *Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik: Hlutverk leikskólakennara í leik barna*. Óbirt meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2003). Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn: Viðhorf leikskólabarna til leik- og grunnskóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt í október 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2003/005/index.htm>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004a). Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólastig-in. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 209–227.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004b). Tvær stefnur – tvenns konar hefðir. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 57–78.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jóhanna Einarsdóttir. (2009). „Frábær skólaföt á hressa krakka“: Rannsókn á umfjöllun fjölmiðla um börn við upphaf grunnskólagöngu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 4. október 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2009/006/index.htm>

Kópavogur. (2008). *Stefna og framtíðarsýn leikskóla Kópavogs*. Kópavogur: Höfundur. Sótt í september 2011 af http://www.kopavogur.is/files/leikskolar/Leikskolastefna_Kopavogs.pdf

Kópavogur. (2009). *Stefna í málefnum grunnskóla Kópavogs*. Kópavogur: Höfundur. Sótt í september 2011 af <http://www.kopavogur.is/files/Grunnskolastefna%202009%281%29.pdf>

Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 237–249). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Lin, H. L., Lawrence, F. R. og Gorrell, J. (2003). Kindergarten teachers' views of children's readiness for school. *Early Childhood Research Quarterly*, 18, 225–237.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mashburn, A.J. og Pianta, R.C. (2006). Social Relationships and school readiness. *Early Education and Development*, 17(1), 151–176.

Menntamálaráðuneytið (1997, maí). *Brúum bilið: Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla*. Sótt í október 2011 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/bruumbilid.pdf

Menntamálaráðuneytið. (1999a). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1999b). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í september 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í september 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011c). *Stofnanir*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í september 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011d, maí). *Ný menntastefna – útgáfa aðalnámskrár*. Sótt í september 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6004?CacheRefresh=1>

Moss, P. (2008). What future for the relationship between early childhood education and care and compulsory schooling? *Research in Comparative and International Education*, 3(3), 224–234. Sótt í október 2011 af <http://dx.doi.org/10.2304/rcie.2008.3.3.224>

Moyles, J. (2010). Foreword. Í P. Broadhead, J. Howard og E. Wood (ritstjórar), *Play and learning in the early years* (bls. xi–xiv). London: Sage.

Noel, A. M. (2010). Perceptions of school readiness in one Queensland primary school. *Australasian Journal of Early Childhood*, 35(2), 28–35.

Nutbrown, C., Clough, P. og Selbie, P. (2008). *Early Childhood Education: History, philosophy and Experience*. London: Sage.

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009.

Reglugerð um sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla nr. 242/2009.

Reykjanesbær. (2001). *Skólafestna*. Sótt í september 2011 af

<http://www.reykjanesbaer.is/thjonusta/menntun-og-fraedsla/grunnskolar/skolastefna/>

Reykjavíkurborg. (2010a). *Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar*.

Reykjavík: Höfundur. Sótt í september 2011 af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/skjol/Stefna_og_starfsa_tlun_Leikskolasvids_2010_lokaskjal.pdf)

[Resources/leikskolasvid/skjol/Stefna_og_starfsa_tlun_Leikskolasvids_2010_lokaskjal.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/skjol/Stefna_og_starfsa_tlun_Leikskolasvids_2010_lokaskjal.pdf)

Reykjavíkurborg. (2010b). *Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar*.

Reykjavík: Höfundur. Sótt í september 2011 af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntasvid/skjol/Stefna_og_starfsa_tlun_Menntasvids_2010_Lokaskjal.pdf)

[Resources/menntasvid/skjol/Stefna_og_starfsa_tlun_Menntasvids_2010_Lokaskjal.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntasvid/skjol/Stefna_og_starfsa_tlun_Menntasvids_2010_Lokaskjal.pdf)

Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Reynsla foreldra af grunnskóla- byrjun barna sinna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt í október 2011 af

<http://netla.khi.is/greinar/2008/014/index.htm>

Skóladeild Akureyrarbæjar. (2005). *Skólafestna Akureyrarbæjar*. Akureyri: Höfundur. Sótt

í september 2011 af [http://skoladeild.akureyri.is/static/files/baeklingar/skolastefna_Ak_vef](http://skoladeild.akureyri.is/static/files/baeklingar/skolastefna_Ak_vef_utagafa_2006.pdf)

[_utagafa_2006.pdf](http://skoladeild.akureyri.is/static/files/baeklingar/skolastefna_Ak_vef_utagafa_2006.pdf)

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. (2009). *Skólafestna Hafnarfjarðar*. Hafnarfjörður: Höfundur.

Sótt í september 2011 af [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/skolastefnahf2009utgafa.pdf)

[skolaskrifstofa/hugmyndablod/skolastefnahf2009utgafa.pdf](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/skolastefnahf2009utgafa.pdf)

Wesley, P.W. og Buysse, V. (2003). Making meaning of school readiness in schools and communities. *Early Childhood Research Quarterly*, 18, 351–375.

Wood, E. (2010). Developing intergrated pedagogical approaches to play and learning. Í Broadhead, Howard og Wood (ritstjórar), *Play and learning in the early years* (bls. 9–26). London: Sage.

Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður

Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsókn-*

um í heilbrigðisvísindum (bls. 331–355). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Þóra Rósa Geirsdóttir. (2002). *Samstarf leik- og grunnskóla – sérstaða fámennra skóla*.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt í október 2011 af [http://netla.khi.is/](http://netla.khi.is/greinar/2002/007/02/index.htm)

[greinar/2002/007/02/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2002/007/02/index.htm)

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður

Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsókn-*

um í heilbrigðisvísindum (bls. 51–66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Á mörkum skólastiga: Áherslur í starfi með elstu börnum leikskóla



Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2011).

Á mörkum skólastiga: Áherslur í starfi með elstu börnum leikskóla.

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/002.pdf>